

## Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um innflutningstolla á landbúnaðarvörum.

Frá Árna Páli Árnasyni.

1. Hvaða vinna hefur verið unnin til að ná fram lækkun innflutningstolla á landbúnaðarvörum?
2. Hvaða greiningar hefur ráðuneytið látið gera í kjölfar ábendinga í McKinsey-skýrslunni um að fella bæri tollana niður?
3. Ef gagnkvæmar tollalækkunar eru markmiðið, hvernig standa þá viðræður við Evrópusambandið um gagnkvæma lækkun tolla sem ráðherra hefur ítrekað vísað til en engar fréttir berast af? Hvenær var síðasti fundur með fulltrúum Evrópusambandsins og hvenær er niðurstöðu að vænta?